



Nefndarsvið Alþingis
Alþingishúsið v/Austurvöll
101 Reykjavík

Reykjavík 9. mars 2021
Tilvísun: 202102-0033

Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð) 151. löggjafarþing 2020–2021. Þingskjal 771 — 452. mál.

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) tekur heilshugar undir mikilvægi frumvarps til laga um breytingar á lögum um málefni innflytjenda, nr. 116/2012 (móttaka flóttafólks og innflytjendaráð) og styður framgang þess. Í frumvarpinu eru lögð til nauðsynleg skref til lögfestingar nýs verkefnis Fjölmenningsseturs, innan svokallaðrar samræmdrar móttöku flóttafólks. Úrræðið miðar að því að jafna þjónustu við flóttafólk hvort sem það kemur hingað til lands á eigin vegum, í boði stjórnvalda eða í gegnum fjölskyldusameiningu. Til að Fjölmenningssetur geti sinnt framkvæmd móttökunnar er brýnt að tryggja því heimild til að vinna með persónuupplýsingar að því marki sem nauðsyn krefur, frá Utlendingastofnun, sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum, í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Alþýðusambandið telur einnig til bóta að fulltrúi heilbrigðisráðuneytis skuli fá sæti í Innflytjendaráði. Gott aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu, sem byggir á þekkingu á heilsukvillum tengdum áföllum, er einn grundvallarþáttur í aðlögunarferli flóttafólks.

Hér á eftir fara frekari vangaveltur og tillögur til úrbóta í málefnum flóttafólks á Íslandi:

Þótt frumvarpið feli í sér ótvíræð framfaraskref og jafnframt á það við um nýlega opnun Ráðgjafarstofu innflytjenda sem leiðbeinir innflytjendum um íslenskt samfélag, þarf að ganga lengra til að gera flóttafólki kleift að aðlagast íslensku samfélagi og verða fullir þátttakendur á vinnumarkaði.

- Móta þarf heildræna stefnu stjórnvalda í málefnum innflytjenda og flóttafólks til framtíðar. Þar þarf að horfa til allra sviða samfélagsins sem lúta að flóttafólki og þjónustu við það í þeirra daglega lífi, þ.m.t. heilbrigðiskerfið og menntakerfið. Sérstaklega þarf að líta til þátttöku flóttafólks á vinnumarkaði og tryggja aðgengi þeirra að störfum við hæfi. Í framtíðinni mætti líta til Norðurlandanna sem hafa mun víðtækara og heildrænna móttökukerfi en um ræðir í samræmdri móttöku.
- Stórauka þarf aðgengilega tölfræði og rannsóknir á velferð flóttafólks. Til dæmis hefur reynst þrautinni þyngra að fá tölfræðiupplýsingar um hvaðan flóttafólk fær tekjur sínar til að meta stöðu þeirra á íslenskum vinnumarkaði, þ.e.a.s. hlutfall þeirra á vinnumarkaði, á fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna og innan atvinnuleysistrygginga eða lífeyriskerfis. Nú eru liðin meira en fimm ár frá því að flóttafólki fór að fjölga



verulega á Íslandi og því mikilvægt að hafa góða tölfræði og rannsóknir sem lýsa geta þeirri þróun, en um mikilvægi þessa er einmitt getið í E-liði framkvæmdaráætlunar í málefnum innflytjenda fyrir árin 2016-2019. Traustar upplýsingar eru lykilatriði til að tryggja aðlögun flóttafólks og ýta undir fulla þátttöku á vinnumarkaði og í samfélaginu.

- Bæta þarf aðgengi flóttafólks og innflytjenda að opinberri þjónustu, með aukinni áherslu á túlkun og þýðingar, ekki síst til að flóttafólk hafi áreiðanlegar upplýsingar um réttindi sín og skyldur í samfélaginu og á vinnumarkaði. Líkt og fram kemur í álitum umboðsmanns Alþingis frá 2018 vegna stöðu einstaklinga sem ekki eru mældir á íslensku í samskiptum við stjórnvöld, standa opinberar stofnanir mjög misjafnlegar þegar kemur að því að notast við túlkun og þýðingar. Í útboðum ríkisins er engin krafa gerð um menntun eða þjálfun túlka, heldur er lægsta verðtilboðið alltaf valið. Þetta skapar undirboðsmarkað og kemur í veg fyrir eðlilega þróun starfsstéttarinnar. Til dæmis mætti líta til táknmálstúlkunar þegar huga þarf að framtíðarfyrirkomulagi í þessum málaflokki.